

Grein eftir Þorstein Víglundsson, framkvæmdastjóra Samáls.

Birtist í Fréttablaðinu í desember 2011.

Mikil arðsemi af raforkusölu til stóriðju II

Á árabílinu 2001 til 2010 hefur eigið fé Landsvirkjunar í bandaríkjadöllum liðlega fjórfaldast. Þar hefur ekki komið til nein hlutafjárukning af hálfu eigenda fyrirtækisins heldur hefur fyrirtækið þvert á móti greitt 45 milljónir bandaríkjadala í arð til eigenda sinna á sama tíma. Það eru fá íslensk fyrirtæki sem geta státað af viðlíka arðsemi eigin fjár á þessu tímabili.

Í nýlegri skýrslu Sjórnarrandar, sem unnin var fyrir Fjármálaráðuneytið, komast tveir hagfræðingar að því að arðsemi raforkusölu til stóriðju hafi reynst umtalsvert lakari en arðsemi annarra atvinnuvega en stóriðju, veitustarfsemi og fjármálafyrirtækja. Muni þar 2-3% á árlegri heildararðsemi.

Þar er horft til arðsemi heildarfjármagns til langs tíma, allt frá 1965 er Landsvirkjun var sett á fót. Meginuppbygging Landsvirkjunar hefur hins vegar átt sér stað á liðnum áratug, en á því tímabili hefur raforkusala fyrirtækisins tvöfaldast, fyrst og fremst vegna aukinnar raforkusölu til stóriðju. Árangurinn af þeirri uppbyggingu má m.a. sjá í fjórföldun eigin fjár Landsvirkjunar á sama tíma.

Í skýrslu Sjórnarrandar kemur fram að arðsemi Landsvirkjunar af raforkusölu til stóriðju hefur verið liðlega tvöfalt hærri en arðsemi af raforkusölu til almennings.

